

71. fundur skólanefndar Menntaskólans að Laugarvatni, haldinn í stofu íslenskra fræða, þriðjudag 30. apríl, kl. 12:45.

Fundinn sátu:

Gunnar Þorgeirsson, Bryndís Ásta Böðvarsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir, Halldór Páll Halldórsson, Páll M Skúlason, Valgarður Reynisson, Þórhildur Hrafnisdóttir og Sigríður Björk Gyldfadóttir.

Jóhannes Sveinbjörnsson og Sigurður Ingi Jóhannsson boðuðu forföll. .

Dagskrá skv. fundarboði:

1. Umsóknir við forinnsritun
2. Húsnæðismál skólans – framtíðarskipan þeirra mála
3. Niðurstöður úttektar Mmrn. á starfsemi ML
4. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár – staðan og framtíðin
5. Önnur mál

Formaður setti fund.

Samþykkt var að tillögu formanns að þakka starfsmönnum og nemendum skólans fyrir glæsilega afmælishátíð þann 12. apríl s.l.

Því næst var samþykkt breyta röð dagskrárliða eins og þeir voru kynntir í útsendri dagskrá þannig, að fyrst verði kynntar niðurstöðu rannsóknar á vímuefnanotkun framhaldsskólanema og síðan verði fjallað um húsnæðismál skólans.

1. Rannsókn á vímuefnanotkun framhaldsskólanema 2013.

Pálmi Hilmarsson, forvarnafulltrúi, sat fundinn undir þessum lið.

Skólameistari kynnti niðurstöður eins og þær koma fram gagnvart skólanum. Fram kom að í sumum þáttum má ástand mála vera í betra horfi þegar horft er á tölur eins og þær birtast í niðurstöðum einstakra þátta. Talið mikilvægt að fylgja eftir niðurstöðum könnunarinnar.

Til kynningar.

Bryndís kom til fundar undir þessum lið.

2. Húsnæðismál skólans – framtíðarskipan þeirra mála

Pálmi Hilmarsson, umsjónarmaður fasteigna sat fundinn undir þessum lið.

Formaður sló fyrstu tónana í umræðu um framtíðarskipan húsnæðismála skólans. Þau voru síðan rædd frá ýmsum hliðum.

Samþykkt var að fela starfsmönnum og nemendum að meta rýmisþörf skólans og gera tillögur að framtíðarskipan húsnæðismála.

3. Umsóknir við forinnsritun

Páll dreifði samantekt yfir stöðu umsókna eftir forinnsritun og hafði framsögu um hana.
(fskj. 1) Til kynningar.

4. Niðurstöður úttektar sem unnin var á vegum Mmrn. á starfsemi ML

Drög að niðurstöðum höfðu þegar verið sendar skólanefndarfólki til yfirlstrar og athugasemda.

Skólameistari hafði framsögu undir þessum lið og reifaði málið. Fjallaði m.a. um athugasemdir sem gerðar hafa verið við drögin. Hann kallaði síðan eftir að nefndarmenn sendi honum fyrir sunnudagskvöld 5. maí, athugasemdir sínar og ábendingar ef einhverjar eru.

5. Innleiðing nýrrar aðalnámskrár – staðan og framtíðin

Skólameistari hafði framsögu. Fór stuttlega yfir sögu þeirrar vinnu sem þegar hefur verið unnin innan skólans og greindi frá styrk frá Mmrn. sem skólinn hefur fengið til áframhaldandi vinnu, en á komandi hausti verður settur kraftur í verkið.

6. Önnur mál

a. Ársreikningur 2012

Skólameistari kynnti lykiltölur.

Fundi slitið kl. 14:45

Fundargerð ritaði Páll M Skúlason